

Athugun á gróðurlendum í Djúpafirði, Austur-Barðastrandarsýslu

Unnið fyrir Vegagerðina

Hafdís Sturlaugsdóttir
Cristian Gallo

Desember 2008
NV nr. 23-08

ÚTDRÁTTUR

Í tengslum við Vestfjarðarveg nr. 60 áformar Vegagerðin að gera heilsársveg frá Hallsteinsnesi og inn að bænum Djúpadal í Austur-Barðastrandarsýslu.

Gróðurlendaathugun fór fram í nóvember 2008. Á Hallsteinsnesi einkennist gróðurfar af birkikjarri, en innar með Djúpafirðinum er meira graslendi. Enn innar tekur svo aftur við lyng og birkikjarr. Gróðurfar við Djúpafjörð er líkt gróðurfari á þessu landsvæði. Vegaslóði liggur um rannsóknarsvæðið frá núverandi vegi um Hjallaháls og út á Hallsteinsnes.

Ekki fundust gróðurfélög sem teljast sjaldgæf á þessu landsvæði.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDIR	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	4
Rannsóknarsvæðið	5
NIÐURSTÖÐUR	6
Gróðurlendi	6
Gróðurfur	6
VERNDARÁKVÆÐI	10
UMRÆÐUR	10
HEIMILDIR	11

MYNDIR

Mynd 1. Yfirlitskort. Rannsóknarsvæðið er afmarkað með ramma.	5
Mynd 2. Séð yfir birkikjarr á Hallsteinsnesi.....	7
Mynd 3. Gróðurlendi á Hallsteinsnesi.....	7
Mynd 4. Séð inn Djúpafjörð.	8
Mynd 5. Gróðurlendi inn í Djúpafirði.....	9

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar fór fram könnun á gróðurlendum við Djúpafjörð í Austur-Barðastrandarsýslu, austanverðan, vegna fyrirhugaðar vegagerðar frá Hallsteinsnesi inn að bænum Djúpadal við botn fjarðarins. Vegslóði liggur um rannsóknarsvæðið frá vegi yfir Hjallaháls rétt við Hálsá út á Hallsteinsnesið.

Nokkuð ítarlegur tegundalisti var gerður af svæðinu við Hallsteinsnes, austanverðu 2004. Þá voru skráðar 130 tegundir háplantna á svæðinu (Arnín Óladóttir, 2004).

AÐFERÐIR

Gróðurskoðun fór fram 25. nóvember 2008. Gróður var kortlagður á vettvangi og skráð inn á loftmyndir. Gróður var flokkaður í gróðurfélög og landgerðir með sjónmati. Einnig var þekja skráð. Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997). Plöntunöfn sem nefnd eru í skýrslunni eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Gróðurkort var teiknað eftir þeim gögnum sem safnað var. Loftmyndir, frá Loftmyndum ehf, voru notaðar til að teikna gróðurlendin inn á. Loftmyndirnar voru teknar árið 2005. Flughæð var 3500 m.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er í austanverðum Djúpafirði (mynd 1) í Austur-Barðastrandarsýslu. Svæðið er nokkuð fjölbreytt. Undirlendi er ekki mikið, en mest er það utan við eyðibýlið, Barma. Utar á Hallsteinsnesinu eru brattar ógrónar skriður niður af Langahjalla. Þessar skriður ná langleiðina niður að sjó, en þó er lynggróður á hjalla, neðan skriðanna. Úti á Hallsteinsnesi er nokkurt undirlendi og er það að mestu vaxið birkikjarri.



Mynd 1. Yfirlitskort. Rannsóknarsvæðið er teiknað inn á myndina.

NIÐURSTÖÐUR

Gróðurlendi

Gróðurlendi sem fundust voru eftirfarandi;

Mosagróður

A3 Mosi með stinnastör og smárunnum

A4 Mosi með smárunnum

A8 Mosi með grösum og smárunnum

Lyngmói

B1 Krækilyng–fjalldrapi–bláberjalyng

Birki

C1 Fjalldrapi–bláberjalyng–krækilyng

C5 Ilmbjörk

Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

Mýri

U5 Mýrastör/stinnastör

Aðrar merkingar á myndum af gróðurlendum eru;

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

me Melar

sk Skriður

gt Gjót/klettur

Gróðurfur

Úti á Hallsteinsnesi einkennist gróður af graslendi í kringum samnefnt eyðibýli, en vestur af bæjarstæðinu er birkikjarr, birki (*Betula pubescens*) ásamt fjalldrapi (*Betula nana*), sjá mynd 2. Undirgróður í birkikjarrinu er krækilyng (*Empetrum nigrum*), bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*), sortulyng (*Arctostaphylos uva-ursi*) og aðalbláberjalyng (*Vaccinium myrtillus*). Gróðurþekja í birkikjarrinu er víða skert. Nær sjónum er birkikjarrið lágvaxnara en niður við sjó er graslendi. Þegar kemur inn í Djúpafjörð eru brattar skriður fyrir neðan kletta í Hallsteinsnesfjalli. Neðan skriðanna er hjalli frekar mjór og síðan taka við skriður niður að sjó. Birkikjarrið er mest yst á nesinu en við tekur fjalldrapi, krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng og sortulyng ásamt grösum. Gróðurlendi á Hallsteinsnesi utanverðu eru teiknuð á mynd 3.



Mynd 2. Séð yfir birkikjarr á Hallsteinsnesi.



Mynd 3. Gróðurlendi á Hallsteinsnesi. Skýringar sjá Gróðurlendi bls. 6.

Þegar kemur innar með Djúpafirðinum er meira undirlendi, sjá mynd 4. Þar eru nokkur mýradrög. Í þessum mýradrögum er aðallega mýrastör (*Carex nigra*) en í lænum er nokkur gulstör (*Carex lyngbyei*) og einnig er fifa, líklega klófífa (*Eriophorum angustifolium*), á blettum. Annars er graslendi mest áberandi. Í hlíðum eru lyng með grösunum en annars er nokkuð hreint graslendi í þýfðu landi og er snarrót (*Deschampsia caespitosa*) mjög áberandi. Girt er í kringum gamalt bæjarstæði, Barma, og er það svæði nýtt fyrir hrossabeit. Innan við Barma eru brattar gróðurlausar skriður og neðan þeirra graslendi með smárunnum niður að flæðarmáli og innar víkur síðan graslendið að mestu fyrir lynggróðri, sjá mynd 5.



Mynd 4. Séð inn Djúpafjörð.



Mynd 5. Gróðurlendi inni í Djúpafirði. Skýringar sjá Gróðurlendi bls. 6.

VERNDARÁKVÆÐI

Hluti svæðisins er vaxinn náttúrulegum birkiskógi. Samkvæmt lögum um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins að vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, 39 gr.).

UMRÆÐUR

Rannsókn var gerð á gróðri og gróðurlendum á svæðunum í kringum núverandi rannsóknarsvæði 2004. Þá einnig gerður nokkuð ítarlegur tegundarlisti (Arnín Óladóttir, 2004).

Á rannsóknarsvæðinu eru gróðurlendi mjög áþekkt og almennt er við norðanverðan Breiðafjörð. Úti á Hallsteinsnesinu er birkikjarr en innar með firðinum er graslendi að mestu en í botni fjarðarins tekur svo aftur við birkikjarr.

HEIMILDIR

Arnlín Óladóttir, (2004). Gróðurfar á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Þórisstöðum í Þorskafirði að Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi. Bolungarvík. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 12-04.

Hörður Kristinsson, (1986). *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999